

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Happraætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976 með síðari breytingum.

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo:

Verð hlutamiða er 700 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 8.400 kr.

2. gr.

15. gr. orðist svo:

Dráttur í hverjum flokki er tvískiptur. Fyrri hluti dráttar í 1. flokki skal fara fram 18. janúar ár hvert, en í öðrum mánuðum 10. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á laugardögum, helgidögum eða öðrum almennum frídögum, né heldur fyrsta virkan dag eftir almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Síðari hluti dráttar í 1. flokki skal fara fram viku síðar en fyrri hluti. Síðari hluti dráttar í öðrum flokkum skal fara fram tveim vikum síðar en fyrri hluti. Síðari hluti dráttar skal ekki fara fram á laugardögum, helgidögum eða öðrum almennum frídögum. Happraættisráð getur veitt undanþágu frá þessari grein, ef því þykir ástæða til.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvur ásamt jaðartækjum, sem samþykktar eru af happraættisráði og stjórnað af sérfróðum manni.
- b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvum við útdrætti. Hugbúnaðurinn skal varðveittur á tölvutæku formi.
- c. Stokk sem m.a. er notaður til útdráttar á lykiltölum fyrir útdráttarforrit. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram með eftirfarandi hætti:

- I. Fyrri hluti útdráttar vinninga í hverjum flokki happraættisins fer fram með tvennum hætti:
 - A. Með notkun tölvu:
 - a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
 - b. Tölvun er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
 - c. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
 - d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru settar inn frá lykilorði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

- e. Tölván dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
 - f. Sé óskað eftir afriti skrárinnar á segulbandi er það nú gert.
 - g. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði.
- B. Með notkun stokks:
- Valdar eru tveggja stafa tölur. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið en að því búnu eru skráðir tveir fyrstu stafir sem upp koma og mynda þeir tölu. Þetta er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinningaskrá en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.
- Að þessum útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningaskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
- Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdrattarins.
- II. Síðari hluti útdrattar vinninga í hverjum flokki happdrættisins fer fram með eftirfarandi hætti:
- Í 1. til 11. flokki skal draga út eitt vinningsnúmer vegna sérstakra sjóðsvinninga og gildir númerið fyrir allar útgefnar raðir, B, E, F, G og H, sbr. 9. gr.
- Drátturinn fer þannig fram:
- Valið er númer með notkun stokks. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið. Ef fimm fyrstu stafir sem þá koma upp mynda tölu á bilinu 1-60.000 skal sú tala skráð og telst hún vinningsnúmer. Ella skal valið endurtekið þar til slík tala kemur upp.
- Í 12. flokki skal draga sérstaklega út einn vinning í hverri röð, B, E, F, G og H, sbr. 9. gr., sem dreginn skal eingöngu úr seldum miðum.
- Drátturinn fer þannig fram:
- a. Valið er númer með notkun stokks. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið. Ef fimm fyrstu stafir sem þá koma upp mynda tölu á bilinu 1-60.000 skal sú tala skráð og telst hún vinningsnúmer. Ella skal valið endurtekið þar til slík tala kemur upp.
 - b. Athugað er hvaða happdrættismiðar með vinningsnúmerum eru seldir. Seldur miði sem ber númerið og bókstaf miðaraðar hlýtur vinning.
 - c. Ef allar miðaraðir hljóta ekki vinning í þessum drætti skal dráttur endurtekinn vegna þeirra raða.
 - d. Dráttur skal endurtekinn þar til miði í hverri miðaröð hefur hlotið vinning.
- Að þessum síðari útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningaskrá fyrir útdrattinn sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
- Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdrattarins.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt fellur úr gildi 1. gr. reglugerðar nr. 406 11. nóvember 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.